


Iðgjaldaskattur, sársaukalaus í dag en ...

Eftir Bjarna Þórðarson

HINN 30. september sl. birtist í Morgunblaðinu grein eftir tvo ágæta kollega mína, Benedikt Jóhannesson og Bjarna Guðmundsson, um hugsanlegan skatt á iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða. Við þær erfðu aðstæður sem þjóðin býr nú við

fjárhagslega er mjög mikilvægt að skoða allar hugsanlegar leiðir til að létta stjórnvöldum og fyrst og fremst landsmönnum þann þunga róður, já það má segja lífróður, sem nú blasir við. Þessi skattheimta er ein leið sem unnt er að grípa til og sjálfsagt er að skoða gaumgæfilega. Ég gagnrýndi fyrir nokkrum mánuðum hugmyndir þessar, að ég taldi á hlutlægum forsendum, en fékk bágt fyrir frá Tryggva Þór Herbertssyni, alþingismanni og háskólaprófessor í hagfræði. Í þeirri gagnrýnisgrein sinni varpaði hann meira segja fram þeirri



Bjarni Þórðarson

hugmynd að ríkið yfirtæki þann hluta eigna sjóðanna sem svaraði til skatta af lífeyrisskuldbindingunum. Eða eins og Tryggvi Þór skrifaði: „Önnur leið væri að við tilfærslu í nýtt kerfi myndi ríkið einfaldlega taka til sín allar framtíðarskattgreiðslur og frá fyrsta degi yrðu allar útgreiðslur skattfrjálsar. Ríkið á þessar

framtíðarskattgreiðslur og er því ekki að ganga á hlut neins. Það myndi þá strax leysa til sín allt að 600 milljarða peningalegar eignir – ríkið yrði skuldlaust á ný ef horft væri til nettó skulda.“ Einfalt mál fyrir hagfræðiprófessor eða hvað?

Úr sjóðsöfnun í gegnumstreymi

Ég gagnrýndi á sínum tíma að með þessari aðferð við sköttun iðgjaldanna væri verið að flytja skattgreiðslurnar milli kynslóða. Þessu svaraði hagfræðiprófessorinn svo: „Því er afar hæpið að hækka þurfi skatta um-

» Hvernig væri staða lífeyriskerfis okkar ef ákveðið hefði verið fyrir fjórum áratugum að byggja á gegnumstreymi en ekki sjóðsöfnun?

talsvert í framtíðinni og því stenst staðhæfing fjögur tæpast.“ (Leturbreytingar mínar.) Er þetta dæmigert fyrir sönnunarfærslu í hagfræði eða hvað? Málið er einfalt út frá heilbrigðri, almennri skynsemi: Ef einhver hópur sleppur í framtíðinni við sköttun á hluta tekna sinna þarf að dreifa þeirri skattalækkun á aðra skattþegna. Þetta fyrirkomulag sem hér er til skoðunar felur í raun í sér umbreytingu á fjármögnun lífeyrissparnaðar úr sjóðsöfnun í gegnumstreymi að því marki sem sköttun iðgjaldanna nemur og það er engin smátílfærsla þegar við ræðum um þriðjung af iðgjaldatekjum sjóðanna.

Það er hið bezta mál að færa til í tíma notkun fjármagns og í raun snýst fjármálafræðin um þetta atriði.

Sparnaður í lífeyrissjóðum um margra áratugi á starfsævinni til að nota síðan að starfi loknu er einmitt mjög gott dæmi um þetta. Við höfum borið gæfu til þess að byggja upp sterkt lífeyriskerfi sem byggist á sjóðsöfnun og huga þarf mjög vel að hvers kyns aðgerðum sem draga úr uppsöfnuninni sem slíkri og auka vægi gegnumstreymis fjár. Hvernig væri staða lífeyriskerfis okkar ef ákveðið hefði verið fyrir fjórum áratugum að byggja á gegnumstreymi? Margar þjóðir hafa átt við mjög vaxandi vanda að glíma vegna þess að miklu stærri hluti lífeyriskerfis þeirra hefur byggst á gegnumstreymi en hjá okkur.

Tryggvi Þór benti réttilega á það að um 2035 munu þrír Íslendingar á vinnualdri vera fyrir hvern eftirlaunaþega en nú eru þeir sex sem standa að baki hverjum eftirlaunaþega. Þessi staðreynd segir allt sem segja þarf um áhrif þess á skatta hinna vinnandi þegar aldursskipting þjóðarinnar breytist jafnmikið og fyrirsjáanlegt er á næstu áratugum. Við notum þessar krónur sem innheimtast í iðgjaldaskatt aðeins einu sinni og þeir sem verða virkir skattgreiðendur eftir 20-

40 ár munu finna fyrir sársaukanum sem við sleppum við á næstu árum. Við getum ekki vísað þessum reikningi á t.d. erlenda skattgreiðendur eins og ætlunin var í Icesave eða á kröfuhafa fallinna banka eins og í lán-tökum vegna hlutabréfakaupa.

Hlutverk tryggingastærðfræðinga

Það er verðugt verkefni fyrir okkur tryggingastærðfræðinga að framreikna þá tekju- og gjaldastrauma sem hér er um að ræða, þ.e. að rannsaka áhrifin á skatta framtíðar sem og lífeyrsgreiðslur almannatrygginga.

Tek undir með þeim Benedikt og Bjarna að það er nauðsynlegt að skoða alla kosti í stöðunni. Síðan þarf að gera þeim sem taka ákvörðun sem gleggsta grein fyrir áhrifunum af svo róttækri aðgerð sem hér er til umræðu nú sem og til framtíðar. Sú skylda hvílir á okkur sem sérfræðingum við alla ráðgjöf til jafnt einkaðila sem opinberra.

Höfundur er tryggingastærðfræðingur.

